

Ævintýralandið Ísland



Kiðagil, skólabúðir, 641 Húsavík

Sími: 464-3290 www.kidagil.is kidagil@kidagil.is

Efnisyfirlit

Summary	3
The project	3
Aims of the project.....	4
Inngangur	5
Bakgrunnur.....	6
Verkefnið – ævintýralandið Ísland.....	6
Markmið verkefnisins	7
Markhópur	8
Að hvaða þemum Need fellur verkefnið?	8
Mat á verkefninu	9
Námsferð ævintýralandið Ísland.....	9
Lýsing á kennslu	11
Stutt lýsing á ferðinni	12
Mat okkar á ferðinni	12
Þriggja daga námskeið	13
Fylgiskjöl.....	14
Listi yfir það sem þarf að taka með.....	14
Matsblað A	16
Matsblað B.....	18
Samantekt á niðurstöðum	19

Summary

The School camp in Kiðagil, Bárðardalur focuses on nature and culture – related projects. Students learn about farming, handcraft, and nature. The education is based on experience and involvement of the students, they learn to use maps and compass, and learn what to keep in mind when planning a visit to the highlands.

Kiðagil is a participant in the Need project, the Northern Environmental Education Development, which is a four-country collaborative study based on nature in relation to protected areas.

When project managers in Kiðagil learned about the Need project they decided to develop intensive highland trips for 7-10th grade students.

The project

The project started in the classroom with a discussion on geology and geography of the area. Students were led in a simple and visual way through the basic geology and key concepts introduced and explained.

The curriculum is presented in an adventurous and exciting way, but still simple tools (models) are used to explain nature's phenomena. At all times, students played an active role in the classroom.

In the highland trip students saw with their own eyes, touched, listened and experienced nature. The project is developed for elementary school, students from 11 to 15 years old. However, it is fairly easy to implement curriculum so the project can also be used in high school and for adults.

Aims of the project

One of the main aim of the project is to increase students' interest and curiosity of nature and natural phenomena and to bring students in close connection to nature.

The project also focuses on

- extending and deepening students' understanding of nature
- extending understanding of natural forces and the formation and development of the earth
- promoting environmental awareness

The study module for this program is mainly based on three of NEED's themes; (1) elements of geology, (2) landscape and (3) natural hazards.

Theme 1: Elements of geology

Evolution of the structure of the Earth; earth's origin and structure.

Earth processes; plate tectonics.

Rocks and rock types.

Theme 2: Landscape

The geological foundation of the landscape.

Surface physical processes; glacial, fluvial, and aeolian transport, erosion and deposition, geomorphological formations, weathering.

Vegetation.

Human impacts on the landscape; settlement patterns, buildings, land use.

Theme 3: Natural hazards

Volcanic activity, earthquakes, landslides and rockfalls, flooding.

In addition, the project is also focused on human effect on nature and landscape, soil erosion, succession and reclamation of vegetation along with stories (fairy tales, myths and legends) and culture of the study area.

Our evaluation

The study tour was successful. Students showed great interest and joined discussions as well as examining nature's phenomena. Results of students' assessment showed that they had gained new knowledge and their attitudes to nature had changed. The problem is that the study tour is expensive and therefore it may be difficult to sell it to schools unless by providing support and thereby subsidize the trip for school groups. Therefore we created a shorter version, a three day program. Curriculum is shortened in accordance with what is viewed and discussed on the trip.

Inngangur

Frá því árið 2003 hafa verið reknar skólabúðir í Kiðagili í Bárðardal, þar hefur megin áherslan verið lögð á upplifun og þátttöku nemendanna og námið byggt á náttúru og menningartengdum verkefnum. Eitt af verkefnum sem unnið er í skólabúðunum er ferð upp á hálendið þar sem nemendur læra að nota kort og áttavita og fá innsýn í hálendið og hvað þarf að hafa í huga þegar hálendisferðir eru annars vegar.

Kiðagil er þátttakandi í Need verkefninu sem er fjögurra landa samstarfsverkefni um náttúrumiðað nám í tengslum við friðlýst svæði. Hér á landi er verkefnið tengt Vatnajökulsþjóðgarði og snýr að því að þróa nýjar leiðir í að miðla þekkingu til þeirra er um landið ferðast. Þegar Kiðagili var boðin þátttaka í Need verkefninu var ákveðið að þróa fjallakofapakkann og gera hann að viku löngu verkefni.

Verkefnið er fyrst og fremst ætlað börnum en getur einnig nýst fullorðnum með örlítið breyttum áherslum. Hér á eftir er lýsing á verkefninu og helstu áhersluatriði.

Bakgrunnur

Kiðagil ehf er félag einstaklinga í Bárðardal sem stofnað var árið 2007 í framhaldi af þeirri ákvörðun sveitarstjórnar að hætta rekstri skólabúðanna í Kiðagili en þær hafði Þingeyjarsveit rekið frá því haustið 2003. Kiðagil tók þá við rekstri búðanna ásamt heilsársferðapjónustu. Í Kiðagili hefur áhersla verið lögð á skapandi og fræðandi starf og kennslan er að langmestu leiti verkleg.

Í gegnum tíðina hefur náttúran spilað stórt hlutverk og því féll Need verkefnið afar vel að starfinu í Kiðagili. Umsjónaraðilar þessa verkefnis eru Guðrún Tryggvadóttir og Sigurlína Tryggvadóttir.

Sigurlína er landfræðingur og hefur bæði starfað við kennslu og hjá Landgræðslu ríkisins. Guðrún er kennari og hefur starfað við Skólabúðirnar frá byrjun sem og við bekkjarkennslu. Í Kiðagili er unnið í nánnum tengslum við nærsamfélagið og fjöldi fólks af svæðinu kemur að einum eða öðrum hætti að starfinu. Áhersla er lögð á að draga fram það sem einkennir sögu og menningararf svæðisins sem kemur bæði fram á matseðlinum sem og á upplýsingum í Kiðagili og merktum áhugaverðum stöðum í Bárðardal.

Verkefnið – Ævintýralandið Ísland

Verkefnið Ævintýralandið Ísland er 5 daga námskeið, byggt á grunni fjallakofapakkans sem hefur verið í boði í skólabúðunum í Kiðagili í sjö ár. Var ákveðið að gera verkefnið meira og tengja það nánar að Vatnajökulspjóðgarði og nágrenni hans.

Áður en haldið er í ferðina eru þátttakendur undirbúnir, síðan er lagt af stað á fjöll. Fyrsti dagurinn er fræðsludagur þar sem fjallað er um flest þau atriði sem skoðuð verða í ferðinni til að kynna fyrir börnunum lykilatriði í náttúrufræði. Þannig er fjallað um jarðfræði og landfræði svæðisins í kennslustofu. Farið er á einfaldan en sjónrænan hátt í gegnum grunn jarðfræði og lykil hugtök kynnt og skýrð. Námsefnið er sett upp á ævintýralegan og spennandi hátt og notuð eru

einföld hjálpartæki (módel) til að útskýra fyrir nemendum og þeir látnir taka virkan þátt í umræðunni. Í ferðinni er fjallað um sömu hluti en þá úti í náttúrunni þar sem nemendur sjá með eigin augum og geta snert, hlustað og upplifað náttúruna.

Verkefnið er byggt upp fyrir grunnskólabörn í 7.-10. bekk. Þó er nokkuð auðvelt að útfæra námsefnið þannig að verkefnið geti einnig nýst á framhaldsskólastigi og fyrir fullorðna.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins eru að:

- ✓ vekja áhuga og forvitni nemenda um náttúruna og fyrirbæri hennar
- ✓ koma nemendum í tengsl við náttúruna.
- ✓ auka og dýpka skilning nemenda á náttúrunni
- ✓ efla umhverfisvitund nemenda
- ✓ auka skilning nemenda á náttúruöflum og myndun og mótun jarðar

Í Aðalnámskrá Grunnskóla segir „Einn helsti vandi náttúrufræðikennslu er að finna leiðir til að koma þessum menningararfi til skila þannig að hann nýtist hverri kynslóð, efla hugsun ungs fólks og hvetji það til dáða. Rannsóknir á náttúrufræðinámi gefa eindregið til kynna að um það leyti sem börn byrja í skóla hafi þau mótað sér margvíslegar hugmyndir um hvernig heimurinn sé og hvernig hlutirnir virka og jafnframt að þessar forhugmyndir þeirra hafi áhrif á það hvernig þau upplifa kennsluna og læra. Barnið er m.ö.o. ekki óvirkur þekkingarþegi, heldur virkur þekkingarsmiður í sífelldri glímu við að túlka upplifanir sínar og koma þannig reiðu á eigin þekkingarheim. Ef gengið er út frá þessari sýn á nemandann er hlutverk náttúrufræðikennarans einkum fólgið í því að hjálpa nemandanum að byggja upp og þróa þennan þekkingarheim, þ.e. hugtök sín og hugmyndir um lífið og efnisheiminn. Vandi kennarans felst þá í því að búa nemendum sem fjölbreyttast námsumhverfi þannig að tryggt sé að allir fái notið sín því að nemendur eru ólíkir að upplagi og læra með ólíkum hætti. Gildi fjölbreyttra kennsluhátta er ótvírætt í þessu samhengi. Möguleiki nemenda til að byggja við fyrri reynslu gefst í gegnum tilraunir, verkefnavinnu, hópavinnu, innlögn og ekki hvað síst í verklegum æfingum og athugunum þar sem nemendum gefst kostur að skoða fyrirbærin úti í náttúrunni.“

“Náttúruvísindin hafa orðið til og þróast í glímu mannsins við að njóta náttúrunnar, skilja hana og nýta auðlindir hennar. Í þessari glímu hafa orðið til hugtök, lögmál, kenningar og rannsóknaraðferðir sem hiklaust má telja til helstu afreka mannsandans. Hér er um mikilvægan menningararf að ræða og það er hlutverk skólanna að tryggja að hann berist milli kynslóða, bæði til að tryggja framþróun náttúruvísindanna og stuðla að því að fólk sé vel upplýst og fært um að rata í flóknu samfélagi nútímans og taka ábyrga afstöðu til málefna líðandi stundar. Einnig er mikilvægt að kunna að njóta náttúrunnar.”

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3953>

Markhópur

Markhópur verkefnisins eru grunnskólanemendur í 7.-10. bekk á norðausturlandi en einnig mætti hugsa sér að laga verkefnið að námsefni framhaldsskólastigs. Með mismunandi framsetningu efnisins ætti það að geta hentað fleiri aldurshópum s.s. sem fullorðinsfræðsla.

Að hvaða þemum Need fellur verkefnið ?

Verkefnið fellur að þrem meginþemum Need verkefnisins.

1. Jarðfræði ;

✚ jarðfræði saga, bergtegundir, myndun íslands, jarðhreyfingar

2. Landslag;

✚ jarðfræðilegur grunnur landslags

✚ breytingar á landslagi t.d. af völdum veðrunar, jökla og áa

✚ plöntur og dýralíf

✚ áhrif á landslagið af mannavöldum; landnám, landnotkun

3. Náttúruvá

✚ eldgos

✚ jarðskjálftar

✚ grjóthrun og aurskriður

✚ flóð

Einnig er fjallað um áhrif mannsins á náttúruna og landslag, sögur (útilegumanna-, trölla- og álfasögur) og menningu svæðisins. Fjallað er um framvindu og vistheimt gróðurs og jarðvegseyðingu.

Mat á verkefninu

Til að meta verkefnið eru nemendurnir látnir fylla út krossapróf í upphafi verkefnisins, að verkefninu loknu eru nemendur síðan látnir fylla út sama krossapróf og niðurstöður bornar saman. Einnig eru nemendur beðnir að fylla út matsblað um ferðina þar sem spurt er um álit þeirra á því hvort námið hafi t.d. dýpkað skilning og aukið áhuga á náttúrunni. (Viðauki x)

Námsferð – Ævintýralandið Ísland

Dagur 1

Nemendur koma í Kiðagil og koma sér fyrir í herbergjum. Kennsla hefst þar sem þátttakendur taka virkan þátt í tímunum. (sjá í nánari lýsingu bls. 11) Í lok dags er hafin undirbúningur fyrir ferðina, pakkað niður, gengið frá búnaði og nesti og um leið er farið í gegnum þá hluti sem þarf að hafa með í ferð upp á hálendið s.s. öryggisbúnað og fleira. Farið er yfir reglur sem gilda í ferðinni.

Dagur 2

Haldið af stað frá Kiðagili kl. 09:00 og keyrt í Mývatnssveit. Ekið að nýja hrauninu við Leirhnjúk og það skoðað. Fjallað um hraun og eldvirkni. Því næst farið yfir í hraunið sunnan Þjóðveggar við Námaskarð og skoðaður munur á mismunandi gömlum hraunum hvað varðar veðrun og framvindu gróðurs. Gert stutt stopp í Námaskarði og horft yfir jarðhitasvæðið (rifjað upp innræn og útræn öfl).

Farið að Lofthelli og hann skoðaður, fjallað um myndun hella, kulda neðanjarðar ofl. Keyrt að Þrengslaborgum og labbað suður eftir gígaröðinni, skoðaðir hellar og jarðmyndanir, rætt um eldvirkni. Keyrt að sprungunni í Bláfjalli og gengið inn í fjallið, fjallað um vatnsrof. Farið verður að steininum við fjallið og rætt um veðrun og rof. Keyrt til baka að Seljahjallagili gengið upp gilið í tómum vatnsfarvegi. Fjallað um flóð og vatnsrof, skoðaðir bergangar og

sprengigígur. Gengið upp úr gilinu upp á fjallið og yfir að bíslóðinni. Um kvöldið er komið í hús á Heilagsdal og grillað!! Þegar ekið er um svæðið er rætt um það sem fyrir augun ber, s.s. um landnám gróðurs í hrauni, jarðvegsrof, landgræðslu ofl.

Dagur 3

Gengið frá húsinu, niður í Mývatnssveit og lagt af stað á fjöll. Stoppað er í Hrossaborgum þar sem nemendur geta hoppað í gígnum og fjallað um undirlag. Ekið er í Herðubreiðarlindir, fjallað um útilegumenn og aðsetur Fjalla- Eyvindar skoðað. Rætt um hraunbreiður og tekin umræða um móbergsfjöll og myndun þeirra, gos undir jökli, er ekið er framhjá Herðubreið. Farið er suður í Öskju, að Öskjuvatni og fjallað enn frekar um eldvirkni og áhrif vatns/ vatnsskorts á gróður, efni frá eldstöðvum, efni frá jökulám, jarðhita, Knebel og áhuga manna fyrir náttúrunni, Eggert og Lockstind, hálendið og hvarf hálendisins. Fleiri umræðuefni: Ódádahraun, jöklar, skjálftavirkni, dyngjur, megineldstöðvar eldstöðvakerfi ofl. Gist í Dreka

Dagur 4

Gengið frá í skálanum og keyrt suður fyrir Dyngjufjöll og stoppað við upptök Svartár. Farið er að suðurenda Ytri Dyngjufjalla og skoðað sorfið klettabelti. Fjallað um hreyfingu, stærðir og flutning jarðvegsagna. Ekið meðfram Vatnajökli og gengið að jöklinum, rætt um jökla og áhrifa þeirra. Ekið sem leið liggur að Marteinsflæðu við Skjálfandafljót farið í bað í volgri laug, fjallað um laugar og jarðhita, gróður lífríki og líf á hálendinu. Áhrif mannsins á landið (utanvegaakstur), ekið norður með fljóti og gengið í Slakka A) fyrir Hnjúk, Fljótsgilið eða ekið að Laufrandarhrauni (fjalla um fuglalíf s.s. snæuglur ofl.) og það skoðað sem og Hitulaugardrag. Gist í skála í Hraunárdal.

Dagur 5

Gengið frá í skálanum. Ekið norður að Stapaá og gengið niður í Öxnadal. Fjallað um Stapaá, vatnsrof á jarðveg, þykkt jarðvegs og áfok, öskulög og gróðurfar fyrri tíma. Einnig rætt um horfnar byggðir. Ekið að Krossá og gengið í Krossárgil fjallað um vatnsrof og orku vatns, virkjunarhugmyndir. Komið við í Sandmúla, rætt um horfnar byggðir og silfurfundinn. Ekið heim á leið og nemendur sóttir í Kiðagil eftir að hafa borðað og fyllt út matsblöð.

Lýsing á kennslu

Nánari lýsing í Kennslustofu:

Viðfangsefni 1

Fjallað um jörðina, lagskiptingu hennar, flekaskil og hvernig landrek getur orsakað jarðskjálfta og eldgos. Farið er yfir jarðsögu Íslands í grófum dráttum og ástæður þess að Ísland er byggilegt.

Hjálpartæki: flysjuð appelsína skorin í tvennt og skoðuð jarðskorpan, möttullinn og kjarninn. Hnattlíkan.

Viðfangsefni 2

Landmótun. Fjallað um innræn og útræn öfl. Gerð er grein fyrir hvernig frost, jöklar, vindar, hafið og vatnsföll móta landslag og áhersla lögð á vatns, vinds og jökulveðrun.

Viðfangsefni 3

Eldgos og eldvirkni. Fjallað um eldvirka beltið á Íslandi, eldstöðvakerfi og einkenni eldvirkra svæða.

Viðfangsefni 4

Bergtegundir með megináherslu á hraun.

Viðfangsefni 5

Gróðurfar, vísitengundir, vistheimt, landnám gróðurs, áhrif mannsins með uppgræðslu. Mismunandi gróðurfar eftir hæð lands.

Viðfangsefni 6

Jarðvegseyðing, eyðimörk hálendisins (Áhrif jökla í suðri, framleiðsla sets, úrkomuskuggi, hæð yfir sjávarmáli og fleiri þættir) Rætt um hugsanleg vistkerfi fyrri tíma.

Viðfangsefni 7

Áhrif mannsins á náttúruna. Landslag með og án áhrifa mannsins. Vegir,

byggingar, stígar og merkingar, utanvegaakstur, uppgræðsla og rusl.

Viðfangsefni 8

Fugla- og dýralíf. Fjallað um fugla og dýralíf svæðisins, áhersla lögð á einkennandi tegundir, sjaldgæfar tegundir og tegundir í útrýmingarhættu s.s. um snæuglur.

Viðfangsefni 9

Saga og menning. Fjallað um manninn og óbyggðirnar, landkönnuðiferðir á svæðinu, sögur af útilegumönnum, álfa- og tröllasögur og tengingu þeirra við landslag.

Viðfangsefni 10

Sérstaða Íslenskrar náttúru. Hver er sérstaða Íslenskrar náttúru, hvað er svona merkilegt við hana.

Stutt lýsing á profuferðinni

Farið var í ferðina seint í júní. Í ferðinni voru 8 nemendur og tveir hópstjórar. Veður var ágætt og fáar breytingar urðu á upphaflegri áætlun en dagarnir voru nokkuð langir. Gist var í tjöldum allar næturnar nema þá síðustu þar sem gist var í skála. Það voru þreyttir en ánægðir ferðalangar sem komu í Kiðagil í ferðalok. Meðferðis í ferðinni var ýmis búnaður sem notaður var til þess að læra og skoða s.s. öryggishjálmar, sjónaukar, lúpa, stækkunargler, málband, áttavitar, kort, GPS tæki og fleira. Eftir ferðina var gerður listi yfir búnað sem ákveðið var að skildi kaupa sem nota þarf í þessum ferðum.

Mat okkar á ferðinni:

Ferðin tókst vel og nemendur sýndu mikinn áhuga og voru duglega að taka þátt í umræðum og skoða og velta fyrir sér fyrirbærum í náttúrunni. Niðurstöður úr námsmati þátttakenda kom vel út og sýndu að nemendur höfðu lært töluvert og viðhorf þeirra til náttúrunnar breyst (sjá bls. 19) Ferðin er hinsvegar dýr og því líklegt eða erfitt geti reynst að selja hana óbreytta nema hægt sé að afla styrkja og þannig niðurgreiða ferðina fyrir nokkra hópa. Raunhæfara væri að

stytta ferðina til að lækka kostnað (um ríflega helming). Höfum við unnið styttri útgáfu, þriggja daga prógramm. Námsefni er stytta í samræmi við það sem skoðað er og fjallað um í ferðinni.

Þriggja daga námskeið

Dagur 1

Komið í Kiðagil

Kennsla hefst þar sem þátttakendur taka virkan þátt í tímunum.

Í lok dags er farið í gegnum þá hluti sem þarf að hafa með í ferð upp á hálendið og reglur sem gilda í ferðinni.

Dagur 2

09:00 Lagt af stað frá Kiðagili og ekið í Mývatnssveit. Farið að nýja hrauninu við Kröflu og það skoðað. Því næst farið yfir í hraunið sunnan Þjóðvegjar austan Námaskarðs og skoðaður munur á mismunandi gömlum hraunum. Gert stutt stopp í Námaskarði og horft yfir jarðhitasvæðið.

Farið að Lofthelli og hann skoðaður. Keyrt um Þrengslaborgir og gígaraðir skoðaðar. Keyrt inn í Heilagsdal þar sem gist er í fjallaskála.

Dagur 3

Gengið frá í fjallaskála. Síðan er haldið aftur niður Heilagsdal fjallað um gos undir jökli meðan horft er á öll fjöllin sem þannig urðu til. Farið suður með Bláfjalli að vestan gengið upp eftir Seljahjallagili, klifrað upp í barminn og fjallað um vatnsrof. Því næst er ekið að sprungu í fjallinu þar sem þátttakendur ganga inn í fjallið, stóri steinninn skoðaður. Ekið sem leið liggur yfir Sellandagrófina og að landgræðslusvæðinu við Kráká, fjallað um jarðvegsrof og landgræðslu. Haldið heim á leið, áætluð koma í Kiðagil um kl 16:00

Fylgiskjal 1

Listi yfir það sem þarf að hafa með

Mikilvægt er að vera með þurr og hlý föt í ferðinni til að geta farið úr blautum fötum ef rignir. Þumalputtaregla í fjallaferðum er að vera ætíð með þurr föt á náttstað og vera fljótur að klæða sig í hlý föt. Við ráðleggjum ykkur að taka frekar meira en minna af hlýjum og skjólgóðum flíkum. Ullin góða er ætíð hlý og á hálendinu er allra veðra von hvort sem um er að ræða sumar eða vetur.

Við viljum líka vekja athygli á því að gallabuxur og magabolir eru ekki æskilegur fatnaður á fjöllum, foreldrar, frænkur og frændur eiga oft skjólgóðan fatnað og það er í góðu lagi að vera í örlítið stórri úlpu eða lopapeysu þótt hún sé ekki samkvæmt nýjustu tísku, Kuldi gerir lítið með tiskuna. Tíska er ekki í tísku á hálendinu.

Bakpoki (nettur bakpoki)

(Í bakpoka fer nesti, hlífðarföt, húfa, vettlingar, trefill, föðurland og aukadót sem þið þurfið á að halda yfir daginn)

Góðir skór til að ganga í

Ennisljós og/eða lukt ef þið eigið

Vatnsflaska (Mikilvæg því sumstaðar er lítið um vatn)

Svefnpoki

Tjald

Einangrunardýna

Aukahlutir:

Göngustafir

Sólgleraugu

Sólvarnarkrem

Myndavél og/eða sjónauki

Fatnaður:

Vatnsheld utanyfirföt

Flíspeysa og bolir

Vettlingar og húfa

Ullar og/eða silki nærföt (treyja og föðurland)

Lopapeysa eða þykk flíspeysa, og flísbuxur til að klæðast á kvöldin

Sundföt

Ullarsokkar

Handklæði

Þátttakendur í verkefninu Ævintýralandið Ísland - Matsblað A

1 Ef horft væri inn í jörðina má skipta henni í þrennt

- | | |
|--------------------------|------------------------------|
| <input type="checkbox"/> | miðpunkt, hismi og jarðbörk |
| <input type="checkbox"/> | hraun, berg og kviku |
| <input type="checkbox"/> | jarðskorpu, möttul og kjarna |

2 Yfirboð jarðarinnar skiptist í

- | | |
|--------------------------|---|
| <input type="checkbox"/> | svæði eins og báta (svipa og appelsínubátar) |
| <input type="checkbox"/> | fleka sem eru kyrrir |
| <input type="checkbox"/> | fleka sem eru á hreyfingu og valda eldvirkni (gosum og jarðskjálftum) |

3 Útræn öfl hafa áhrif á landmótun. Útrænu öflin eru

- | | |
|--------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> | frost, jöklar, fallvötn, vindar og hafið |
| <input type="checkbox"/> | eldgos, jarðskjálftar og jarðhiti |
| <input type="checkbox"/> | sandur, steinar, mold og berg |

4 Hægt er að skipta hrauni í tvo flokka

- | | |
|--------------------------|--------------------------------|
| <input type="checkbox"/> | móbergshraun og grágrýtishraun |
| <input type="checkbox"/> | apalhraun og helluhraun |
| <input type="checkbox"/> | úfin hraun og slétt hraun |

5 Þegar ferðast er um hálendið er í lagi að

- | | |
|--------------------------|---|
| <input type="checkbox"/> | gera hvað sem maður vill þegar komið er langt frá byggð |
| <input type="checkbox"/> | keyra hvar sem maður vill |
| <input type="checkbox"/> | keyra á slóðum og passa að skilja ekki eftir rusla |

6 Hvernig myndast móbergsfjöll eins og Herðubreið

- | | |
|--------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> | þau myndast í gosi undir jökli |
| <input type="checkbox"/> | þau myndast eins og önnur venjuleg fjöll, í gosi á yfirborði |
| <input type="checkbox"/> | þau myndast í sprengigosi |

7 Er berggrunnur Íslands allstaðar jafn gamall?

- | | |
|--------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> | Já allur jafn gamall |
| <input type="checkbox"/> | nei hann er yngstur á miðju landinu og elstur á austfjörðum og vestfjörðum |
| <input type="checkbox"/> | nei hann er elstur í miðjunni og yngstur á austfjörðum og vestfjörðum |

8 Hvað er landslag

- | | |
|--------------------------|---|
| <input type="checkbox"/> | er stuðningslagið sem er sungið fyrir handboltalandsliðið |
| <input type="checkbox"/> | hólar, hæðir og fjöll (allt sem stendur hátt uppúr grasrótinni) |
| <input type="checkbox"/> | er allt sem maður horfir á í náttúrunni, bæði náttúrulegir og manngerðir hlutir |

9 Hefur hæð yfir sjó eitthvað að gera með gróðurfar?

- | | |
|--------------------------|---|
| <input type="checkbox"/> | Já harðgerðari plöntur eru þar sem hæð yfir sjó er mikil |
| <input type="checkbox"/> | Já það er minna gras eftir því sem land er hærra yfir sjó |
| <input type="checkbox"/> | Já eftir því sem farið er hærra er gróðurinn hærri |

10 Er jarðvegseyðing á Íslandi

- | | |
|--------------------------|-----|
| <input type="checkbox"/> | Já |
| <input type="checkbox"/> | nei |

Þátttakendur í verkefninu Ævintýralandið Ísland - Matsblað B

1 Vaknaði áhugi og forvitni hjá þér um náttúruna og fyrirbæri í náttúrunni við það að taka þátt í ferðinni?

2 Tengist þú náttúrunni öðruvísi eftir ferðina (hvernig)?

3 Skilur þú náttúruna og fyrirbæri hennar betur eftir ferðina?

Samantekt og niðurstöður

Átta nemendur tóku þátt í matinu. Matsblað A var tekið í upphafi námskeiðsins áður en nokkur kennsla fór fram. Sama próf var lagt fyrir nemendur í lok ferðar. Tilgangur þess var að kanna þekkingu nemenda fyrir námskeið og aftur eftir námskeið. Í lok ferðarinnar svöruðu nemendur einnig þremur spurningum sem unnar voru uppúr markmiðum okkar í verkefninu. Tilgangur þess var að kanna hvort nemendur sjálfir hefðu upplifað þá viðhorfsbreytingu og þekkingarbreytingu auknu þekkingu sem höfundar verkefnisins væntu.

Matsblað A, byrjun námskeiðs

Nemendur svöruðu á bilinu 30-50% rétt

Matsblað A, í lok námskeiðs

Nemendur svöruðu á bilinu 70-100% rétt

Matsblað B

Spurning 1: Vaknaði áhugi og forvitni hjá þér um náttúruna og fyrirbæri í náttúrunni við það að taka þátt í ferðinni?

Allir nemendur svöruðu spurningunni jákvætt

Spurning 2: Tengist þú náttúrunni öðruvísi eftir ferðina (hvernig)?

Flestir svöruðu þessari spurningu jákvætt og töldu sig sýna náttúrunni meiri eftirtekt en áður. Sumir áttu erfitt með að útskýra viðhorfsbreytingu sína. En við erum ekki í vafa um að ferðin hafi vakið áhuga og forvitni nemendanna.

Dæmi um svör: *Já ég þæli meira í því af hverju náttúran er eins og hún er*

Já nú veit ég að hraun er ekki bara hraun og skoða allt miklu betur

Já ég held það veit samt ekki alveg hvernig

Spurning 3: Skilur þú náttúruna og fyrirbæri hennar betur eftir ferðina?

Allir svöruðu þessari spurningu játandi, sem styður við niðurstöðu krossaprófanna.